

Sp.

504. Tillaga til þingsályktunar

um millipinganefnd í jarðeignamálum kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Jón Pálmason, Ásgeir Ásgeirsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna millipinganefnd, er athugi og geri tillögur um, á hvern hátt megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- eða umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum, með sanngjörnum kjörum, án þess að gengið verði of nærri hagsmunum nágrannasveita þeirra, hvernig komið verði í veg fyrir óréttmæta verðhækkun á þessum löndum og afnotarétti þeirra, og hvernig tryggja megi, að verðhækkun á löndum og lóðum, sem verða kann á fyrr nefndum stöðum beint eða óbeint vegna opinberra framkvæmda, verði almennings eign.

Nefndin skili álit og tillögum fyrir reglulegt Alþingi árið 1944. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Við samfærslu byggðarinnar í kaupstaði, kauptún og sjávarþorp hafa eðlilega komið fram ýmis félagsleg vandamál. Eitt af þeim er landsþörf íbúanna á þessum stöðum. Kaupstaðir og kauptún þurfa að ráða yfir því landi, sem byggð þeirra stendur á, og enn fremur svo miklu af næsta nágrenni, að fullnægi eðlilegri vaxtarþörf byggðarinnar og nauðsynlegri landsnotkun íbúanna. Þessari þörf þarf að fullnægja, að svo miklu leyti sem unnt er, án þess að þrengt verði um of að hagsmunum þeirra sveitarfélaga, er næst liggja. Miklu máli skiptir einnig, að ekki þurfi að kaupa landið eða afnot þess óeðlilega háu verði.

Reynslan sýnir, að lönd og lóðir hækka hvarvetna í verði eftir því sem byggðin vex og meira fé er lagt í opinberar framkvæmdir. Þessi verðhækkun er í raun og veru almennings eign og á að koma heildinni til nota. En ef landið er í einkaeign, rennur verðhækkunin nær undantekningarlaust til þeirra manna, sem landið eiga, og jafnframt leggst hún sem skattur á íbúana og atvinnulífið á viðkomandi stöðum og veldur þar óeðlilegri dýrtið. Þessa gætir litt í smáþorpunum í fyrstu, en með vexti þeirra kemur þessi hættu í ljós, ef ekkert er að gert. Einnig hefur komið í ljós, að vöntun á fullkomnum yfirráðarétti á löndum og lóðum í þéttbýlinu torveldar oft félagslegar umbætur og hindrar stundum með öllu nauðsynleg landsafnot fólksins, sem þar býr.

Það mun almennt viðurkennt, að helzta ráðið til þess að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun landsins í þéttbýlinu sé, að bæjar- eða sveitarfélögin eigi landið eða hafi fullkominn umráðarétt yfir því. Þessi lausn tryggir það einnig bezt, að hægt sé að veita íbúnum nauðsynleg landsafnot. Er það athugunarefni, hvernig auðveldast sé að koma þeirri skipan á þessi mál. En jafnframt virðist nauðsynlegt að setja lög um leiguskiptir á löndum og lóðum í þéttbýlinu. Þurfa þau að fela í sér ákvæði, sem hindra óréttmæta verðhækkun á landinu og afnotum þess, en tryggja jafnframt, að eðlileg verðhækkun vegna opinberra framkvæmda verði almennings eign.

Á öllu landinu eru nú um 70 kaupstaðir, kauptún og sjávarþorp. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, mun þannig vera háttað um eign á löndum þeirra og lóðum:

Á 25 stöðum er landið eign ríkis, bæjar eða hreppsfélags.

Á 15 stöðum er landið sameign þess opinbera og einstaklinga.

Á 30 stöðum er landið eign einstakra manna.

Á síðustu árum hefur komið fram nokkur viðleitni hjá bæjarstjórnnum og hreppsnefndum um að fá nauðsynlegt land til eignar eða umráða fyrir kaupstaði og kauptún. Alþingi hefur veitt þeim málum nokkurn stuðning, m. a. með löggjöf um jarðkaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa, sem samþykkt voru árið 1941. Enn þá hafa þó litlar framkvæmdir orðið í þessum eignum, og á núverandi dýrtið sennilega mikinn þátt í því.

Það virðist nauðsynlegt, að mál þetta sé tekið til athugunar og reynt að koma því í betra horf. Er að því stefnt með þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er fram borin.